

Fljótsdalshreppur
Helgi Gíslason
Végarði
701 Egilsstaðir

Reykjavík, 9. nóvember 2021
UST202110-148/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 og gerð nýs deiliskipulags fyrir íbúðarbyggð í landi Hjarðarbóls

Vísað er til erindis sveitarstjóra Fljótsdalshrepps er barst 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 og gerð nýs deiliskipulags fyrir íbúðarbyggð í landi Hjarðarbóls.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að nýtt 6 ha. íbúðarsvæði (ÍB-3) verður skilgreint sem áður var skógræktar- og landgræðslusvæði, ræktað land og landbúnaðarsvæði. Auk þess segir að í deiliskipulagi er gert er ráð fyrir að afmarka lóðir, skilgreina byggingarreiti fyrir einbýlis- og parhús, ákvarða nýtingarhlutfall og setja skilmála um húsagerðir og uppbyggingu.

Íbúðarsvæði utan þéttbýlis

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún hún hefur áhrif á umhverfisáhrif frá samgöngum og samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.*“

Efni lýsingar – Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.2.3. gr. skipulagsreglugerðar 90/2013 þar sem fjallað er um efni lýsingar segir, að í lýsingu skal gerð grein fyrir þeim þáttum í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til, m.a. (f) hvernig staðið verði að umhverfismati deiliskipulagsins skv. 5.4. gr.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt að það komi fram í lýsingu hvaða umhverfisþættir verða skoðaðir og metnir í tillögunni svo að stofnunin gæti veitt umsögn, komið með ábendingar og tekið afstöðu varðandi umhverfisþættina.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur

